

Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 30.10.2023  
UST202301-241/F.T.  
08.14.02

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 13. október 2023 þar sem fram kom að tvö frávik hefðu verið skráð í eftirliti á urðunarstað Fjarðabyggðar, Þernunesi þann 13. júní 2023. Öðru frávikinu var lokað í bréfinu en óskað eftir úrbótaáætlun vegna hins. Þann 27. október 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikið er eftirfarandi:

1. **Frávik frá grein 1.2 í starfsleyfi:** Samkvæmt ársyfirliti rekstraraðila voru urðuð 3780,93 tonn í Þernunesi árið 2022. Heimild starfsleyfis miðast við hámark 3000 tonn á ári og var því urðað umfram heimildar leyfisins. Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að gerðar hafi verið róttækar breytingar á umsýslu með hluta úrgangs af svæðinu, m.a. með upptöku klippikorta og fyrirtæki þar með hvött til að flokka úrgang betur. Með því verði dregið úr því magni sem sent er til urðunar. Framangreindar breytingar tóku gildi í september 2023 og er vonast til þess að áhrif þeirra muni gæta um mitt næsta ár. Aðrar breytingar á nýtingu eða afsetningu tiltekinna flokka er til skoðunar sem gætu dregið úr urðun á svæðinu. Í úrbótaáætluninni eru lagðar fram tvær leiðir til þess að bregðast við, stefni í að urðun fari yfir leyfileg mörk skv. starfsleyfi. Annars vegar yrðu magnkvótar eða takmörk sett á móttöku á blönduðum úrgangi frá fyrirtækjum en framangreint myndi hvetja til aukinnar flokkunnar. Hin væri að bagga almennt sorp til útflutnings.

### Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur